



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 9. ágúst 2021

R21040135

1221

Borgarráð

Lambhagavegur 8 – afturköllun lóðarúthlutunar að undangenginni viðvörun

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að heimila skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að afturkalla lóðarúthlutun vegna Lambhagavegar 8 að undangenginni 30 daga viðvörun um hina fyrirhuguðu afturköllun, þ.m.t. að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sé veitt heimild til að senda viðvörunina.

Greinargerð:

Þann 20. maí sl. samþykkti borgarráð að úthluta Brimgörðum ehf., kt. 591103-2610, um 5.707 fermetra lóð að Lambhagavegi 8 auk 3.391 fermetra byggingarrétti ofanjarðar. Heildargreiðsla fyrir byggingarrétt og gatnagerðargjöld var 146.118.190 kr. og gjalddagi greiðslunnar var 45 dögum frá úthlutun borgarráðs.

Gjalddagi var 5. júlí sl. Kaupverð byggingarréttar auk gatnagerðargjalds hefur ekki verið greitt og er því óskað eftir heimild til að afturkalla lóðarúthlutunina sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald, að undangenginni 30 daga viðvörun um hina fyrirhuguðu afturköllun og að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sé veitt heimild til að senda viðvörunina.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari